

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 15/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94
frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94 frá 11. janúar 1994 um breytingu á II.
viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra
efna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við lið 12c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92) í XV. kafla II. viðauka
við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- 394 R 0041: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94 frá 11. janúar 1994
(Stjtið. EB nr. L 8, 12. 1. 1994, bls. 1).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 8, 12. 1. 1994, bls. 1.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker